

REGNBOGINN
Hverfisgötu 551 9000 Nýr og betri

9 Tilnefningar til Óskarsverðlauna þ. á. m. besta mynd og aðalhlutverk kvenna
Nicole Kidman
★★★★ HJ MBL
★★★★ Kvikmyndir.is
★★★★ HK DV
★★★★ SV MBL
„Ein besta mynd ársins“ Fréttablaðið
Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20. B.i 12.

13 Tilnefningar til Óskarsverðlauna þ. á. m. besta mynd
★★★★ Kvikmyndir.com
★★★★ OMT Rás 2
★★★★ HK DV
★★★★ SV MBL
CHICAGO
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.20. B.i 12

Adam Sandler, Emily Watson, Philip Seymour Hoffman, Luis Guzmán
Frá leikstjóra Boogie Nights.
★★★★ Kvikmyndir.com
★★★★ HL MBL
★★★★ SG DV
PUNCH-DRUNK LOVE
Sýnd kl. 8 og 10.10. B.i 12

★★★★ Radíó X
THE MATRIX
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.20. B.i. 16.

★★★★ Kvikmyndir.com
6 Tilnefningar til Óskarsverðlauna
Frida
Sýnd kl. 5.30. B.i. 12

LAUGARÁS 553 2075
BÍÓ

ralph fiennes jennifer lopez
maid in manhattan
Sýnd kl. 6, 8 og 10.10.
Eingöngu sýnd um helgar

2 Tilnefningar til Óskarsverðlauna: Aðalhlutverk karla: Jack Nicholson. Aukahlutverk kvenna: Kathy Bates.
★★★★ RADIO X
★★★★ SV MBL
★★★★ Kvikmyndir.com
★★★★ OMT Rás 2
★★★★ SV MBL
JACK NICHOLSON ABOUT SCHMIDT
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30.

Leonardo DiCaprio, Cameron Diaz, Daniel Day-Lewis
Fráber mynd frá leikstjóranum Martin Scorsese
★★★★ HJ MBL
GANGS OF NEW YORK
Sýnd kl. 5 og 8. B.i. 16 ára.

www.laugarasbio.is

Patrick Huse sýnir í Hafnarhúsinu



Morgunblaðið/Jón Svavarsson

Huse og Gísli Pálsson virða fyrir sér eitt verka listamannsins.

Þrileikur í náttúrunni

SÝNING norska listamannsins Patrick Huse, *Penetration*, var opnuð í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu um helgina. Sýningin er lokaþáttur þrileiks sem Huse hefur unnið að á nýu ára tímabili. Tvær fyrri sýningar voru *Norrænt landslag* sýnd í Hafnarborg árið 1995 og *Rift* á Kjarvalsstöðum 1999. Viðfangsefni Huse í þessu langtíma sýningarverkefni eru vanga-

veltur um náttúruna, notkun þessa hugtaks og hvernig það tengist landslagi. Listamaðurinn hefur búið og starfað hérlendis í um ár vegna verkefnisins og var viðstaddur opnunina.

Penetration, einkasýning Patrick Huse, stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu til 27. apríl.

FÓLK Í fréttum



ÞÁTTUR Davids Lettermans verður keyrður á gestastjórnendum þessa vikuna en Letterman er að jafna sig á bráðum ofnæmissjúkdómi. Á meðal stjórnenda er Brad Garrett úr Allir elska Raymond, grínistinn Tom Dreesen og Bonnie Hunt úr *Lífð með Bonnie*-þáttunum. Að sögn læknis Lettermans er hann á batavegi en heilsan er metin frá viku til viku og passað verður að þessi vinsæli þáttastjórnandi fari sér að engu óslega. Í síðasta mánuði hvarf Letterman af braut vegna sjúkdómsins og leystu **Bruce Willis, John McEnroe, Regis Philbin, og Whoopi Goldberg** hann m.a. af.

... Enn erum við á sjúkrahúsinu en þar dvelur hin 71 árs gamla sveitastjórnaðarkempan **Johnny Cash** nú um stundir. Hann stríðir við erfiða lungnabólgu og er líðan hans eftir atvikum. Cash þjáist af tauga-sjúkdómi sem gerir hann við-

kvæman fyrir lungnabólgu. ... Meira af sveitatónlist. Vinsælustu listamennirnir í meginstraumi sveitatonlistarinnar í dag eru tríóið **The Dixie Chicks** sem átti hina vinsælu plötu *Home* í fyrra. Nú hefur einn liðsmaður sveitarinnar, Natalie Maine nokkur, beðist opinberlega afsökunar á nýðorðum sem hún lét falla um forseta sinn, George Bush. Í yfirlýsingunni segir: „Sem áhyggjufullur amerískur þegn bið ég forseta minn, Bush, afsökunar á orðum mínum, en þau voru lituð af vanvirðingu. Ég tel að hver sá sem er í þessu embætti eigi virðingu skilda. Við [í Dixie Chicks] erum sem stendur í Evrópu og höfum orðið vitni að mikilli andúð í garð Bandaríkjanna vegna stríðshættunnar. Þó að stríð sé raunhæfur kostur tel ég, sem móðir, að það ætti að leita allra mögulegra lausna áður en börn og bandarískir hermenn láta lífið. Ég elska land mitt. Ég er stolt af því að vera Bandaríkjamatur.“ Dixie Chicks spiluðu í Lundúnum 10. mars þar sem Maines lýsti því að þær stöllu hefðu skömm á því að Bush væri frá Texas. Föstudaginn 14. fóru útvarpsstöðvar í Bandaríkjunum að sniðganga Dixie Chicks og í sumum borgum komu aðdáendur saman til að henda diskum með sveitinni.

Gunnar Örn opnar sýningu í Listasafni ASÍ

Líf og fjör

Á LAUGARDAGINN kl. 14.00 opnaði myndlistarmaðurinn Gunnar Örn sýningu í Listasafni ASÍ. Sýningin stendur til 30. mars og er eins konar framhald á sýningu Gunnars frá 2000, sem bar nafnið *Sálir*. Á sýningunni nýju skær Gunnar tón fólksvalausrar og barnslegrar gleði. Gunnar hélt sína fyrstu einkasýningu árið 1970 og hefur síðan haldið tugi einkasýninga um heim allan.



Listamaðurinn ásamt Halldóri Bragasyni.

Morgunblaðið/Jón Svavarsson

ÞÚ FLÝRÐ EKKI DAUÐANN!



FINAL DESTINATION 2

FRUMSÝND Á FÖSTUDAG
MIÐASALA ER HAFIN




